

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

21.fundur verkefnahóps BsVest haldinn mánudaginn 15. október 2012 kl. 11:00 í fundarsal bæjarstjórnar Bolungarvíkur. Mættar voru Elsa Reimarsdóttir, Guðný Hildur Magnúsdóttir, Margrét Geirsdóttir, Hildur Jakobína Gísladóttir og Arnheiður Jónsdóttir verkefnastjóri sem skrifaði fundargerð. Framkvæmdarstjóri Aðalsteinn Óskarsson var á fundinum undir liðum 8 -9 og 10.

Dagskrá fundarinn var send út 11. Október 2012.

1. Fjárhagsáætlun næsta árs.
 - a. Sameiginlegar greinagerðir og samræmd framsetning fjárhagsáætlana
2. Ársreikningur BsVest.
3. Vinnulag við rekstrarstöðu yfir árið.
4. Reglur um stuðningsfjölskyldur.
 - a. Greiðslur til stuðningsfjölskyldna.
5. Reglur um styrki til náms og verkfæraakaupa.
 - a. Auglýsing og úthlutun.
6. NPA .
 - a. Ákvörðun stjórnar
 - b. Reglur vegna NPA
7. SIS.
8. Sameiginlegur starfsdagur.
9. Erindi frá félagsþjónustusvæðum.
 - a. Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla.

Þar sem framkvæmdarstjórinn gat ekki verið með verkefnahópnum nema að hluta til var ákveðið að færa fyrstu tvo liðna síðast á dagskránnu svo hann geti setið þá.

1. Reglur um styrki til náms og verkfæraakaupa.

Ekki eru allar félagsmálanefndir búnar að taka reglurnar fyrir. Félagsmálastjórar ætla að flýta því eins og mögulegt er og miðað er við að hægt verði að senda reglurnar til auglýsingar í Stjórnartíðindum 22.október. Jafnframt að styrkirnir verði auglýstir eins og reglurnar setja til um í október. Verkefnastjóri vinnur úr innsendum umsóknum.
2. Reglur um stuðningsfjölskyldur.

Allir félagsmálanefndirnar eru búnar að samþykkja reglurnar og ítrekaði verkefnastjóri að hann þyrfti að fá samþykktirnar, nýjar reglur taka gildi 1. Janúar 2013. Rætt var um gjaldkrá fyrir stuðningsfjölskyldur og lagði verkefnastjóri fram minnisblað með tillögu að gjaldskrá.
3. NPA.

Rædd var ákvörðun stjórnar frá fundi hennar þann 25.09.12 um NPA.
Stjórn telur NPA áhugavert verkefni og samþykkir þátttöku í tilraunaverkefninu um notendastýrða persónulega aðstoð svo fremi sem það leiðir ekki af sér auknar fjárhagsskuldbindingar fyrir byggðasamlagið umfram það sem annars hefði orðið. Stjórn felur þjónustuhópi að vinna verklagsreglur vegna þjónustuna og hvetur félagsþjónustusvæðin til að kynna NPA fyrir notendum á þeirra svæði.

Verkefnastjóri vinnur uppkast af reglum og sendir félagsmálastjórum.
4. SIS

Ræddum SIS mat. Tekin voru nokkur SIS möt í nóvember 2011 á Ísafirði en ekki hefur borist niðurstaða úr þeim. Vinnuferli varðandi SIS mötin virðast alls ekki virka. Verkefnastjóri hefur verið í sambandi við Velferðarráðuneytið, Jöfnunarsjóð sveitarfélagana og Greiningarstöðina vegna þessara mata og einnig nýgengis. Jafnframt hefur ítrekað verið ýtt á eftir niðurstöðum af félagsþjónustusvæði Ísafjarðarbæjar. Von er á reglum um vinnulaga o.þ.h. vegna matsins. Verkefnastjóri sendir félagsmálastjórunum þær um leið og þær berast.

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

5. Sameiginlegur starfsdagur.
Rætt var um gildi sameiginlegs starfsdags og áhugi er fyrir því að halda hann. Verkefnastjóri vinnur úr tillögum sem komu fram á fundinum um þema og/eða fræðslu á sameiginlegum starfsdegi.
6. Erindi frá félagsþjónustusvæðunum.
 - a. Félagþjónusta Stranda og Reykhólahrepps.
Hildur gerði grein fyrir þeim gögnum sem hún sendi inn og upplýsti verkefnahópinn um ýmis mál á hennar svæði.

Fundi frestað til næsta dags.

7. Vinnulag við rekstrarstöðu yfir árið.
Rætt var um fyrirkomulag á því hvernig félagsþjónustusvæðin veita BsVest upplýsingar um stöðu málefnisins yfir árið.
8. Fjárhagsáætlun næsta árs.
Rætt var vinnulag við fjárhagsáætlanagerð og verkefnastjóri lagði fram punkta varðandi greinagerð/skýrslu sem þarf að fylgja áætluninni.
Mjög mikilvægt er að áætlunum sé skilað miðað við sömu starfssemi og sl. ár og öll ný verkefni séu dregin út og rædd sérstaklega.
Félagsmálastjórnir skila áætlun til BsVest 1.nóvember til umræðu 14.nóv, verði komin mynd á áætlanirnar.
9. Ársreikningur BsVest.
Framkvæmdarstjóri fór yfir ársreikning BsVest fyrir árið 2011 og upplýsti umræðu um ársreikning byggðasamlaga sem var á ársfundi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem haldin var í september sl.
10. Rætt var um skýrslugerð til Jöfnunarsjóðs.
Jöfnunarsjóður sveitarfélagana sendi þjónustusvæðinu bréf sem barst 12.október sl. þar sem fram kemur breytingar á upplýsingaöflun um þjónustu við fatlað fólk vegna jöfnunaraðgerða á árinu 2013. Í kjölfarið barst tölvupóstur frá Jöfnunarsjóðnum með endurskoðuðu skráningarformi sem þarf að skila fyrir 20. október. Félagþjónustusvæðin svara fyrir sitt svæði og senda verkefnastjóra í síðasta lagi föstudaginn 19. október, verkefnastjóri tekur upplýsingarnar saman og sendir sameiginlega frá Vestfjörðum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.00 þriðjudaginn 16.10.2012